



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Natural History Museum of Kópavogur

Alþingi
Erindi nr. P 133/664
komudagur 15.12.2006

Kópavogi 12.12.2006

Menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál.

Náttúrufræðistofa Kópavogs fagnar framkomnu frumvarpi, enda löngu tímabært að þjóðin eignist vandað og glæsilegt höfuðsafn í náttúrufræðum. Með frumvarpinu er fyrsta skrefið stigið í þá átt að náttúruminjasafn sem þjóðinni er sæmd af verði að veruleika. Núverandi staða mála er þjóðarskömm, þar sem náttúruminjasafni landsmanna er komið fyrir í tveimur litlum herbergjum, hvort á sinni hæð, með slæmu aðgengi í lyftulausu húsnæði á Hlemmi. Að auki er töluverður hluti safnmuna í pappakössum og birgðageymslum út um borg og byggð. Er ólíku saman að jafna við stöðu mála á Þjóðminjasafni Íslands, Listasafni Íslands og Landsbókasafninu. Svo ekki sé minnst á risandi Tónlistarhús við hafnarbakkann.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins (úrfellingar eru tvíyfirstrikaðar, viðbætur eru feitlettraðar og undirstrikaðar):

Athugasemd við 2. gr. frumvarpsins.

„2. gr.

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er einkum að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar, skráir og varðveitir sýningarmuni. Safnið aflar upplýsinga er veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan, rannsakar og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings.

Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða.

Náttúruminjasafnið skal leitast við að eiga samstarf við opinberar vísinda- og rannsóknastofnanir á ~~vegum ríkisins~~ og ~~annarra~~ aðra aðila á sviði náttúrufræða.“

Skotið er inn orðinu „einkum“ í 1. mgr. Hér er vísað til þess að náttúra Íslands er samofin og tengd náttúru jarðarinnar í heild á einn eða annan hátt. Þar af leiðandi mun upplýsing og fræðsla um náttúru Íslands skirskota til og byggja að einhverju leyti á fræðslu um náttúru jarðar almennt. Hins vegar er eðlilegt að leggja megináherslu á náttúru Íslands eins og gert er.

Þá er lagt til að nota orðið „opinber“ í stað „á vegum ríkisins“, enda er það ekki eins þröngt hugtak. Þá er vitlaust fall á orðinu annarra.

Athugasemd við 3. gr. frumvarpsins.

„3. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands er vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og annast að verulegu leyti rannsóknarskyldu þess, sbr. lög nr. 60/1992. Stofnanirnar skulu hafa með sér náið samstarf eftir atvikum sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.

Safnkostur Náttúruminjasafns Íslands ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar er undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsókna þess og annarra aðila.“

Hér er skotið inn „eftir atvikum“ í 1. mgr. enda vart þörf á að hafa náið samstarf um hvaðeina, sem og að samstarf við aðra aðila er einnig líklegt á sumum sviðum sem Náttúrufræðistofnun Íslands telst ekki vera sérfróð um.

Athugasemd við 5. gr. frumvarpsins.

„5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á náttúru Íslands og starfsemi safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.

Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.“

Mér finnst varla stætt á öðru en að tilgreint sé sérstaklega að safnstjóri höfuðsafns þjóðarinnar í náttúrufræðum skuli hafa staðgóða þekkingu á náttúru landsins, rétt eins og ástæða er til að hnykkja á því að hann skuli hafa staðgóða þekkingu á starfseminni! Í raun er athugandi að gera þá kröfu til safnstjóra að hann hafi háskólamenntun í náttúrufræðum.

Athugasemd við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

„Ákvæði til bráðabirgða.

Gripir, sem við gildistöku laga þessara tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa fyrst og fremst sýningargildi ~~en ekki vísindagildi~~, skulu eftir gildistöku laga þessara vera á forræði Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt samkomulagi stofnananna, sbr. 3. gr.“

Lagt er til að fella út „en ekki vísindagildi“, enda má fullyrða að gripir sem hafa fyrst og fremst sýningargildi geta einnig haft vísindagildi.

Ekki eru gerðar fleiri athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,


Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður.